

**12. fundur Félagsmálanefndar
haldinn Aðalstræti 75, neðri hæð, þriðjudaginn 4. desember 2012 og hófst
hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Puríður G. Ingimundardóttir (PGI) Formaður, Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir Aðalmaður, Elísabet Kjartansdóttir Varaformaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður og Elsa Reimarsdóttir Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elsa Reimarsdóttir, Félagsmálastjóri

Heba Harðardóttir mætti ekki.

Dagskrá:

1. 1212012 - Síðasta fundargerð lesin upp.

Síðasta fundargerð lesin upp, samþykkt og undirrituð.

2. 1212006 - Fjárhagsaðstoð - Jólstyrkur

Umsókn um fjárhagsaðstoð samþykkt. Fært í trúnaðarbók.

Upphæð fjárhagsaðstoðar tekur breytingum miðað við vísitölu neysluverðs 1. janúar 2013

Samþykkt að veita jólstyrk að upphæð 60.000 kr. í samræmi við gildandi viðmið.

3. 1212007 - Yfirlit verkefna á árinu.

Haldnir hafa verið fjórir fundir á þessu ári í félagsmálanefnd. Fundir í verkefnahópi BsVest hafa verið sjö á árinu, þar af þrír snertifundir. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra er í vinnslu. Félagsmálastjóri er tengiliður sveitarfélaganna. Mikilvægt er að kynna fyrir öðrum nefndum þau atriði sem eru á ábyrgð einstakra nefnda.

4. 1212008 - Fjárhagsáætlun 2013.

Frumvarp til fjárhagsáætlunar 2013 lagt fyrir nefndina til kynningar.

5. 1212009 - Samstarf milli félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Starfshópur um samstarf milli félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar hefur fundað þrisvar sinnum það sem af er hausti. Í hópnun sitja Puríður Ingimundardóttir formaður Félagsmálanefndar, Elsa Reimarsdóttir félagsmálastjóri og Sigríður Karlsdóttir hjúkrunarforstjóri. Könnun á aðstæðum og viðhorfum íbúa 67 ára og eldri verður lögð fyrir í byrjun árs sem liður í upplýsingaöflun.

6. 1212010 - Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk.

Beðið er eftir úrskurði frá Úrskurðarnefnd húsnæðis- og félagsþjónustu áður en hægt er að svara fyrirbyggjandi erindi varðandi ferðapjónustu við fatlaða.

7. 1212011 - Önnur mál.

Farið var yfir stöðu heimaþjónustu í Vesturbyggð og Tálknafirði. Upplýst var að vel hefur gengið að manna heimaþjónustu á Patreksfirði og á Bíldudal. Ekki hefur tekist að ráða starfsmann á Tálknafirði til heimaþjónustu eða í Móbergi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:23.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____